

Miðvikudaginn 13. september 1989.

Nr. 318/1989. **Óskar Mikaelsson**

gegn

**Veðdeild Landsbanka Íslands,
Byggingasjóði ríkisins,
Gjaldheimtunni í Garðakaupstað,
Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.,
Versluninni Álfaskeiði,
Teppabúðinni,
Péttri Björnssyni,
Otto B. Arnar, umboðsverslun,
Sigríði Ósk Þórisdóttur,
Helgu Skarphéðinsdóttur,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Baldvin Jónssyni,
Þrotabúi Hafskipa hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Innheimtumanni ríkissjóðs í Garðakaupstað,
Sigurði Guðjónssyni og
Dávíð Sigurðssyni.**

Kærumál. Vanhæfi dómara. Dómarar. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í a-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. júlí 1989. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að hinum kærða úrskurði verði hnekkð og breytt á þá leið, að hinn reglulegi uppboðshaldari skuli víkja sæti í uppboðsmáli varðandi fasteignina Espilund 10, Garðakaupstað, þinglesna eign Óskars Mikaelssonar.

2. Að ómerkt verði eftirfarandi ummæli uppboðshaldara í úrskurðinum: „Átelja verður lögmenn uppboðsbeiðanda, Hilmar Ingimundarson hrl., fyrir að hafa uppi þá tilefnislausu kröfugerð

og bersýnilega þýðingarlausu málsástæður, er greinir í tilvitnuðu bréfi hans.“

3. Að kærumálskostnaður verði til dæmdur.“

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 21. ágúst 1989. Samkvæmt bréfi uppboðshaldarans í Garðakaupstað, dags. 27. s.m., hefur hann þann dag tilkynnt öllum varnaraðilum um kærumál þetta með ábyrgðarbréfum. Frá þeim hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Már Pétursson bæjarfógeti kvað upp hinn kærða úrskurð 12. júlí 1989. Úrskurðurinn er án forsendna. Um forsendur og rökstuddar ástæður dómara samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, hefur bæjarfógeti vísað í eftirfarandi „bókun með eða formála“ að hinum kærða úrskurði með þeirri leiðréttingu, að í endurriti hafi misritast „lögmann uppboðsbeiðanda“ í stað „lögmann uppboðspola“ í þeirri málsgrein, er sóknaraðili hefur krafist ómerkingar á.

„Uppboðshaldari leggur fram sem nr. 1 bréf lögmanns uppboðspola, Hilmars Ingimundarsonar hrl., dags. 11.7. 1989, svohljóðandi:

„Til mín hefur leitað Óskar Mikaelsson, Espilundi 10, Garðabæ, og falið mér að mótmæla fyrirhuguðu uppboði á fasteign sinni, Espilundi 10, Garðabæ, 14. júlí nk. kl.15.00.

Af hálfu umbj. míns eru gerðar þær kröfur, að hinn reglulegi uppboðshaldari viki sæti í uppboðsmáli þessu, þar sem löglærðir fulltrúar hans höfðu á fyrri stigum málsins tekið að sér réttarvörslu fyrir uppboðsbeiðendur, sbr. fyrirtökur 21. okt. 1986, 9. desember 1986 og 21. maí 1987. Slík afskipti dómsvalds fyrir annan málsaðila samrýmast ekki þeirri grundvallarreglu réttarfarslaga, að dómari skuli gæta fyllsta hlutleysis við meðferð mála og í engu draga taum annars aðilans.“

Uppboðshaldari, bæjarfógetinn í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumaðurinn í Kjósarsýslu, Már Pétursson, tekur fram, að hann hafi samkvæmt skipunarbréfi forseta Íslands, út gefnu 17. maí 1987, tekið við embætti því, er hann nú gegnir, frá og með 1. júní 1987 að telja.

Fulltrúar þeir, er vísað er til í tilvitnuðu bréfi, voru fulltrúar Einars Ingimundarsonar, er gegndi til 31. maí 1987 framangreindu embætti, og störfuðu á hans ábyrgð og í hans umboði.

Fulltrúi sá, er nú fer með mál þetta og fyrirhugað er, að fari með það hér fyrir dómi, þar til það er til lykta leitt, Finnur Torfi Hjörleifsson, hefur, svo að vitað sé, engin þau afskipti haft af málinu, er til vanhæfis gætu leitt, síst þau, er lögmaður uppboðsbeiðanda vísar til í bréfi sínu.

Þá er og að athuga, að Hæstiréttur hefur um mál þetta og meðferð þess í héraði fjallað í dómi sínum í hæstaréttarmálinu nr. 320/1987, upp kveðnum 7. mars 1989. Í forsendum dómsins er sérstaklega vikið að málsástæðu þeirri, er lögmaður uppboðspola reisir nú vikningarkröfu á. Hæstiréttur ómerkir ekki málsmeðferð í héraði og leggur fyrir hinn reglulega uppboðshaldara að víkja sæti eða úthluta málinu til hinna sjálfstæðu héraðsdómara við embættið, heldur vísar málinu frá Hæstarétti, svo að hinn áfrýjaði úrskurður héraðsdóms frá 22. október 1987, að þriðja og síðasta uppboð skuli fram fara, stendur óhaggaður. Ákvæði 1. mgr. 195. gr. l. 85/1936 sýnast því eiga við um sakarefni það, er lögmaður uppboðspola krefst nú úrskurðar um.

Átelja verður lögmann uppboðspola, Hilmar Ingimundarson hrl., fyrir að hafa uppi þá tilefnislausu kröfugerð og bersýnilega þýðingarlausu málsástæður, er greinir í tilvitnuðu bréfi hans.

Að þessu athuguðu kveður uppboðshaldari upp svofelldan

Ú R S K U R Ð:

Hinn reglulegi uppboðshaldari víkur eigi sæti í máli þessu.“

Uppboðsmál þetta hefur áður verið til meðferðar hér fyrir dómi, sbr. dóm Hæstaréttar 7. mars 1989. Þar kemur fram, að meðferð málsins í héraði hafi ekki verið gallalaus. Þrátt fyrir þessa ágalla þykir sóknaraðili ekki hafa fært fram nein haldbær rök fyrir því, að hinn reglulegi uppboðshaldari, Már Pétursson, eigi að víkja sæti í málinu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Ekki voru næg efni til að átelja lögmann sóknaraðila, svo sem uppboðshaldari gerði í framangreindri bókun.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.